

Mánudaginn hinn 17. febrúarmánaðar.

Nr. 48/1907:

Réttvísín

gegn

Halldóri Hávarðssyni.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Ísafjarðarsýslu, gengnum 23. sept. f. á. var hinn ákærði Halldór Hávarðsson kaupmaður í Bolungarvík dæmdur samkvæmt 250. gr. alm. hegningarlaga 23. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns hans í héraði cand. phil. Sigurðar Jónssonar, 8 krónur. En dómi þessum er að beiðni ákærða skotið til yfirdómsins.

Með »Laura«, skipi sameinaða gufuskipafélagsins, komu í febr. f. á. til afgreiðslu skipsins á Ísafirði 2 vefnaðarvörupakkar frá verzlunarhúsi Aug. Neubert í Kaupmannahöfn og voru pakkarnir merktir ákærða, en afgreiðslumanni skipsins var lagt fyrir að endursenda pakkana, en afhenda þá ekki, nema verð þeirra, samtals 426 kr. 99 a., væri greitt við móttöku. Afgreiðslumaður átti tal við ákærða rétt eftir komu skipsins um þetta, og neitaði þá ákærði að taka við þökkunum með þessum kjörum (þ: að borga þá strax), því að hann kvaðst að eins hafa beið um vöru þessa gegn 4 mánaða borgunarfresti. Var þá afgreiðslumaður einráðinn í að endursenda pakkana, eins og fyrir hann hafði verið lagt, með næsta skipi, en litlu eftir þetta saknaði hann annars pakkans og fanst hann hvergi. Kom honum þá til hugar að hann kynni að hafa flækst með öðrum vörum ákærða til Bolungarvíkur og gerði sér 2 ferðir

þangað til þess að grenslast eftir því, en ákærði þvertók fyrir í bæði skiftin að pakkarnir hefðu til sín komið. En er frá leið fekk afgreiðslumaður vitneskju um að ákærði hefði selt vefnaðarvöru, af sömu tegund og í pakkanum átti að vera, og hefði hann, til að ganga úr skugga um það, fengið sér send sýnishorn frá Kaupmannahöfn af vörunni. Kærði hann þá ákærða fyrir sýslumanni og var hafin rannsókn gegn honum, og kannaðist hann þá við það, eftir miklar vífilengjur og ósanninda-undanbrögð, að hann hefði fengið pakkann og selt af honum, en hann hefir haldið því fram, að hann eigi ekki sjálfur sök á því, að pakkinn hafi þangað komist, heldur hafi menn hans fært honum hann af gáningsleysi með öðrum vörum hans úr »Laura«, og segir hann það hafa verið af stíflyndi og af því, að hann hafði selt þegar af pakkanum, að hann þrætti fyrir að að hafa fengið hann.

Eins og skýrslum málsins er varið um það atriði, verður nú að taka þá sögusögn ákærða trúanlega, að pakkinn hafi komist í hans vörzlur án hans tilverknaðar, en hins vegar ber öll aðferð ákærða vott um það, að það hafi verið ásetningur hans að kasta eign sinni á pakkann og leyfa honum, og ber því að fallast á það, að undirdómarinn hefir heimfært atferli hans undir 250. gr. hegningarlaganna, en refsing hans þykir hæfilega ákveðin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og verður hinn áfrýjandi dómur staðfestur með þeirri breytingu á refsingunni, einnig málskostnaðarákvæði hans. Með því að ákærði hefir þegar greitt réttum hlutadeiganda andvirði pakkans 264 kr. 59 a. og eftir kröfu 10 kr. 45 honum viðvikandi, er eigi um iðgjöld að ræða í máli

Þessu. Akærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Ákærði, Halldór kaupmaður Hávarðsson sæti fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, en að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 24. febrúarmánaðar.

Nr. 47/1907:

Réttvísinn

gegn

Halldóri Hávarðssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 8. júlí f. á., var hinn ákærði Halldór kaupmaður Hávarðsson í Bolungarvík dæmdur samkvæmt 99. gr. alm.